

AUGLÝSING
um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá
fyrir Minningarsjóð Gyðu Maríasdóttur, nr. 337/1981.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

7. gr. skipulagsskrárinnar verði svohljóðandi:

Veittir og útborgaðir styrkir skulu ekki nema hærri fjárhæð en 75% af uppsöfnuðum vaxtatekjum fyrri ára. Tilkynna skal styrkveitingu á fæðingardegi Gyðu Maríasdóttur 17. júní.

Stjórn sjóðsins skal auglýsa eftir umsækjendum um styrk úr sjóðnum.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Gyðu Maríasdóttur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 11. maí 2022,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrímsdóttir.